

## Reglur byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

### Um dagþjónustu og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk, samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

##### *Markmið*

Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fítlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Einnig skal aðstoða fatlað fólk við að finna störf við hæfi og veita því aðstoð við að sinna störfum á almennum vinnumarkaði.

Til þess að ná þessum markmiðum er rekin dagþjónusta á starfssvæði byggðasamlagsins sbr. 9. og 26. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Avallt skal leitast við að veita fítluðu fólki þjónustu skv. almennum lögum og úrræðum áður en gripið er til sértækra úrræða skv. þessum verklagsreglum.

#### 2. gr.

##### *Skipulag*

Byggðasamlagið annast framkvæmd sértæktrar félagsþjónustu á svæðinu samkvæmt samningi sveitarfélaganna dags. 29.12.2010.

Á þjónustusvæðinu eru starfræktar Iðjur, dagvistir og hæfing og aðstoð við vinnu á almennum vinnumarkaði, AMS.

Allir íbúar með lögheimili á þjónustusvæðinu eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

#### 3. gr.

##### *Hverjir eiga kost á þjónustu*

Þjónustan er ætluð þeim sem vegna skertrar vinnugetu þurfa sérstaka aðstoð við þátttöku á vinnumarkaði eða sérhæfð úrræði dagþjónustu vegna fítlunar sinnar.

Þjónusta er veitt á grundvelli einstaklingsbundins mats og þjónustuáætlunar sem tekur mið af getu og þörfum hvers og eins og þeim möguleikum sem finnast á hverjum stað.

#### 4. gr.

##### *Þjónustuúrræði*

Eftirfarandi þjónusta er í boði fyrir einstaklinga með lögheimili á starfssvæði byggðasamlagsins:

- a) Hæfing – starfs- og félagsleg þjálfun
- b) Iðja – félagsþjálfun og einföld vinnuverkefni
- c) Starfsendurhæfing

Þessi þjónusta er í boði á eftirtöldum stöðum, eftir metinni þörf hverju sinni.

- Iðja á Siglufirði

- Iðja á Sauðárkróki
- Iðja á Blönduósi
- Iðja á Hvammstanga

d) Aðstoð við atvinnu á almennum vinnumarkaði (AMS) er að auki veitt þar sem hennar er þörf.

#### 5. gr.

##### *Samvinna*

Lögð skal áhersla á samvinnu við Vinnumálastofnun og Virk –starfsendurhæfingarsjóð, eftir því sem við á.

#### 6. gr.

##### *Umsókn*

Sótt er um þjónustu hjá félagsþjónustu á þar til gerðum eyðublöðum. Sótt er um þjónustu hjá því sveitarfélagi sem viðkomandi á lögheimili í eða hjá þeirri félagsþjónustu sem ber ábyrgð á þjónustunni. Umsóknir eru gildar þegar umsækjandi hefur náð 18 ára aldri.

#### 7. gr.

##### *Fundur ráðgjafa félagsþjónustu með umsækjanda eða aðstandanda hans*

Fundur með ráðgjafa skal haldinn innan tveggja vikna frá því að umsókn barst. Lagt er mat á þörf fyrir þjónustu í samráði við umsækjanda. Sé niðurstaða matsins sú að þörf fyrir þjónustu sé önnur eða víðtækari en veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skal sérstakt teymi fagfólks meta sérstaka stuðningsþörf umsækjanda.

#### 8. gr.

##### *Teymi fagfólks sbr. 3. mg. 5. gr. laga um mál fatlaðra.*

Teymi fagfólks starfar á hverju þjónustusvæði: Húnaþing vestra, Austur Húnavatnssýsla, Skagafjörður, Fjalla- og Dalvíkurbyggð. Félagsmálastjóri á hverju svæði ber ábyrgð á því að teymi sé virkjað. Teymið samanstendur að lágmarki af þremur fulltrúum skipuðum af félagsmálastjóra. Teymið samanstendur eftir atvikum af ráðgjafa, forstöðumanni Iðju og AMS.

- Teymið metur heildstætt sérstaka stuðningsþörf í samráði við umsækjanda eða aðstandanda hans. Niðurstaða um mat á þörf og úrræði skal liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum eftir að umsókn berst teyminu. Ef umsækjandi er ekki sáttur við mat teymis fagfólks þá ber ráðgjafa að aðstoða umsækjanda að koma þeim athugasemdum til þjónustuhóps.
- Teymið sendir niðurstöðurnar til þeirra er málið varðar, þ.e. umsækjanda. Teymið skráir umfjöllun um umsóknir og ákvarðanir í fundargerð.

#### 9. gr.

##### *Málsmeðferð*

Umsókn og tillaga teymi fagfólks um þjónustu er afgreidd af viðkomandi félagsþjónustu sem tekur ákvörðun um hversu mikil þjónusta skuli veitt og hvert fyrir komulag hennar verði. Leita skal umsagnar þjónustuhóps byggðasamlags um málefni fatlaðra sé þess þörf s.s. í veigameiri málum.

JAR

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst. Synjunarbréf innihalda rökstuðning fyrir synjuninni og upplýsingar um hvert umsækjandi geti snúið sér ef hann er ósáttur með niðurstöðuna. Í jákvæðu svari kemur annað hvort fram að viðkomandi sé kominn á biðlista eftir þjónustu eða þá að hann fær tilboð um þjónustu.

10. gr.

*Samningur um þjónustu*

Umsækjandi og þjónustuaðili gera með sér skriflegan samning um hvernig sérstakur stuðningur verði veittur. Notast skal við þar til gerð eyðublöð. Miðað skal við að gengið sé frá samningi innan tólf mánaða frá því umsókn berst sveitarfélagi.

11. gr.

*Einstaklingsbundin þjónustuáætlun*

Jafnhliða samningi um þjónustu skal gerð þjónustuáætlun sem felur í sér skýr markmið sem vinna skal að með því að veita stuðning og samhæfa úrræði mismunandi þjónustuaðila. Gerð áætlunar er á ábyrgð þeirra sem sjá um framkvæmd þjónustunnar. Þjónustuáætlunin skal endumetin eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

12. gr.

*Eftirfylgni þjónustu*

Eftir þrjá mánuði er viðkomandi og/eða aðstandandi hans boðaðir á fund til að meta hvernig til hefur tekist og fara yfir hvort eitthvað megi betur fara.

13. gr.

*Niðurstaða synjunar og málskot til málsmeðferðarnefndar*

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu umsóknar svo fljótt og unnt er. Sé umsókn hafnað að heild eða hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar. Synjun þjónustuhóps má skjóta til málsmeðferðarnefndar byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra, og skal það gert skriflega innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda berst vitneskja um synjun. Málsmeðferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt og unnt er.

14. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun málsmeðferðarnefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála í Velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda berst vitneskja um ákvörðun nefndarinnar.

15. gr.

*Heimildir til ákvarðana skv. reglum þessum*

Þjónustuhópur byggðasamlagsins tekur ákvarðanir skv. reglum þessum í umboði stjórnar byggðasamlags.

16. gr.

*Birting og endurskoðun*

Reglur þessar skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

JAP

17. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar, sem samþykktar voru í stjórn byggðasamlagsins þann 4. desember 2012, öðlast þegar gildi.

*Skagafirði, 11. janúar 2013.*

**Jón Óskar Pétursson,**  
framkvæmdastjóri SSNV

*Jón Óskar Pétursson*